



UMSÖGN

Viðtakandi: Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tvö erindi íbúa í hverfinu um afnám bílastæðagjaldsvæðis á svæði A til J (R20120092).

Á fundum íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 9. desember og 26. janúar sl. voru tekin fyrir tvö erindi íbúa í hverfinu, dags. 25. nóvember og 16. desember sl., um áskorun um afnám bílastæðagjalda gjaldsvæðis á svæði A til J. Erindunum var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Umsögn:

Tekið hefur verið gjald fyrir notkun bílastæða í borgarlandi, í einhverju formi, síðan 1957. Markmið með gjaldtöku er m.a. að stuðla að fjölbreyttri notkun bílastæða í borgarlandi, stýra eftirspurn eftir bílastæðum og með því styðja við þjónustuaðila, gesti og íbúa. Þann 3. júlí 2019 samþykkti skipulags- og samgönguráð tillögur stýrihóps um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum, að vinnureglum um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur og um verðbreytingar gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur, sem nú er unnið eftir.

Rétt er að halda því til haga að ekki er til staðar gjaldskylda á öllum þeim svæðum sem tilgreind eru í erindi íbúans, heldur er um að ræða gildissvæði íbúakorta. Frá 1992 hafa íbúar sem uppfylla skilyrði reglna um bílastæðakort íbúa, getað sótt um íbúakort sem veita þeim rétt til að leggja innan gildissvæðis kortsins fyrir fast árgjald. Ekki er stefnt að því að hætta gjaldtöku á núverandi gjaldsvæðum en fyrirhugað er að leggja fram tillögu að nýjum reglum um bílastæðakort íbúa í Reykjavík. Ef tillagan nær fram að ganga munu fleiri íbúar en áður geta sótt um íbúakort.

Ákvarðanir um gjaldsvæði og gjaldskrá stöðugjalda eru teknar af skipulags- og samgönguráði Reykjavíkurborgar og eftir atvikum staðfestar af borgarráði og borgarstjórn. Tillögur um breytingar á gjaldsvæðum og gjaldskyldu eru alla jafnan gerðar af Bílastæðasjóði eða skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. Upplýsingar um tillögur og atkvæðagreiðslur eru að jafnaði aðgengilegar í fundargerðum sem birtar eru á heimasíðu Reykjavíkurborgar, reykjavik.is/fundargerdir.

Gerðir hafa verið samningar við nokkra aðila sem tengjast innheimtu stöðugjalda. Af þeim ber helst að nefna samning við Borgun vegna færsluhirslu, samning við Momentum vegna



millinnheimtu, samning við Gjaldheimtuna vegna löginneimtu, samning við Flowbird vegna stöðumæla, samning við Verifone vegna greiðsluvéla í bílahúsum og samninga við EasyPark, Síminn Pay og Parka sem bjóða viðskiptavinum sínum að greiða stöðugjöld í gegnum smáforrit. Tekin verður afstaða til afhendingar samninganna ef umhverfis- og skipulagssviði berst upplýsingabeiðni þess efnis.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri